

2018-05-09

Athugasemdir og úrvinnsla við auglýst aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035.

Hér fyrir neðan eru rakin efnisatriði athugasemda sem fram komu þegar tillaga að aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 var auglýst ásamt svörum, sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Frestur til að leggja fram skriflegar athugasemdir rann út 11. apríl 2018.

Hafa ber í huga að meðal athugasemda eru atriði sem varða ekki aðalskipulagið, og er umfjöllun um þau tekin saman undir einum lið. Ekki er brugðist við þessum atriðum hér nema að því leyti sem átt getur við aðalskipulagstillöguna. Ýmsar gagnlegar ábendingar koma fram án þess að þær feli í sér athugasemdir við efni tillögunnar og er þakkað fyrir þær.

Eftirtaldir skiluðu inn athugasemdum við tillöguna og er númer athugasemdar við viðeigandi svar í listanum hér fyrir neðan. :

1. Friðrik Páll Arnfinnsson slökkviliðsstjóri
2. Guðný Bogadóttir
3. Hafþór Halldórsson
4. Veðurstofa Íslands
5. Skógræktin
6. Ágúst Halldórsson
7. Isavia
8. Vegagerðin
9. Þráinn Einarsson
10. Básar 2-5 húseigendur
11. Minjastofnun Íslands
12. Bjargveiðimannafélag Vestmannaeyja
13. Landsnet
14. Náttúrufræðistofnun Íslands
15. Umhverfisstofnun

---GRUNNKERFI

Færa ber fjarskiptatæki af Klifinu yfir á Helgafell vegna hrunhættu á Klifinu (1).

Svar: Eftir að tillaga var kynnt á vinnslustigi var óskað eftir upplýsingum frá Veðurstofnunni um hvort hætta stafaði vegna hruns, fyrir svæði sem nýtt er fyrir fjarskiptatæki á Klifinu. Þetta var gert eftir að samskonar athugasemd barst þegar aðalskipulagstillagan var kynnt á vinnslustigi. Í upplýsingum frá Veðurstofnunni kom ekkert fram um sérstaka hættu en nefnt var að fjarskiptatækin hefðu verið færð til eftir skjálftana í kringum 2000. Í samtali við Mílu kom fram að engin áform eru um að flytja tækin af þessu svæði. Helgafell er ekki talinn kostur og í skilmálum um Helgafell er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum þar.

Ekki er lengur aðgengi að matvöruverslunum fyrir íbúa í innan við 20 mínútna göngufæri en markmið um 20 mínútna hverfið felur í sér að íbúar geti sótt flesta daglega þjónustu innan 20 mínútna, sem er jákvætt (2).

Svar: Það er rétt að eftir að matvöruverslun í Goðahrauni var lokað þá vantar matvöruverslun í vesturbæinn. Í skilmálum fyrir íbúðasvæðið er ennþá gert ráð fyrir heimild fyrir matvöruverslun í kjarna Kleifarhverfis og væri mjög æskilegt að verslun opnaði aftur á því svæði. Tekið er undir að eftirsjá er eftir verslun á þessu svæði.

---ORÐALAG

Orðalag og lagfæringar. Orðalagi er breytt þannig að Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja heiti Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja Suðurlandi (2), ekki sé vísað til Flugmálastjórnar heldur Samgöngustofu (7) og rætt sé um hindranafleti en ekki hindrunarfleti (7). Veðurstofan kom með ábendingar um að breyta þyrfti upplýsingum í greinargerð um upphaf GPS mælinga, landris í Vestmannaeyjum, sjávarstöðumælingar, jarðskjálftavöktun og hættumat vegna eldgosa (4). Engin þessara athugasemda var veruleg.

Svar: Orðalagi verður breytt og lagfæringar gerðar á texta miðað við ábendingar.

MÍÐBÆR, ÍBÚÐASVÆÐI

Æskilegt er að setja það markmið að íbúðir fyrir aldraða, öryrkja og félagslegar íbúðir séu hluti af annarri íbúðabyggð, en séu ekki margar á sama svæði (2).

Svar: Tekið er undir það sjónarmið að æskilegt sé að íbúðir séu talsvert dreifðar um bæinn, en í dag eru þessar íbúðir ágætlega dreifðar. Þannig er sambýli við Vestmannabraut, félagslegar íbúðir við Áshamar og í Foldahrauni og íbúðir fyrir eldri borgara bæði í austurbæ og í vesturbæ. Þá er að rísa nýtt sambýli í miðbænum.

Í umfjöllun um heilbrigðisstofnunina er sagt að engar breytingar séu áformaðar hvað varðar húsnaði og lóð sem er ekki rétt (2).

Svar: Umfjöllun um heilbrigðisstofnunina er breytt þannig að þar komi fram, að svigrúm er til uppbyggingar á lóð stofnunarinnar, þegar þörf verður á, eins og raunar kemur fram í deiliskipulagi sem er í gildi fyrir svæðið.

Óskað er eftir því að byggð verði ekki skipulögð milli Dverghamars og Ofanleitisveggar (2).

Svar: Samkvæmt skipulaginu er íbúðabyggð skipulögð milli Dverghamars og Ofanleitisveggar en tekið fram að svæðið fari ekki í uppbyggingu fyrr en eftir skipulagstímabilið, sem er þá eftir 2035. Ekki er þörf á uppbyggingu á svæðinu innan skipulagstímabilsins en metið rétt að eiga svæðið inni til síðari nota.

Óskað er eftir matjurtagörðum fyrir almenning, til dæmis innan íbúðasvæða (2).

Svar: Í skipulaginu er gert ráð fyrir matjurtagörðum fyrir almenning á svæði sunnan við flugvöllinn merkt OP- 2. Ekki eru áform um matjurtagarða fyrir almenning innan þéttbýlisins á vegum sveitarfélagsins þar sem gert er ráð fyrir að matjurtagarðar sunnan við flugvöllinn mæti eftirspurninni. Enginn staðsetning innan þéttbýlisins er talin ákjósanleg fyrir matjurtagarða á vegum sveitarfélagsins.

Áform um að stækka miðbæinn inn í hraunið fara ekki saman við markmið um skýrt afmarkaðan miðbæjarkjarna (3).

Svar: Í skipulaginu er afmarkað þróunarsvæði þar sem áformað er að stækka miðbæinn inn í nýja hraunið. Á skipulagstímabilinu verða uppbyggingaráform þar mótuð frekar, m.a. unnið deiliskipulag og rammahluti aðalskipulags þar sem verða sett skilyrði um uppbyggingu á reitnum, blöndun atvinnuhúsnaðis og íbúða og tengsl við miðbæinn. Útfærsla á reitnum er því enn nokkuð opin og er tekið undir ábendingu um að uppbygging þar þurfi að styðja við miðbæjarkjarnann.

Mótmælt er skorðum á því að atvinnuhúsnæði á jarðhæð í miðbæ sé breytt í íbúðir eða orlofsíbúðir og bent á að það sé gert við of margar götur (3).

Svar: Stefna um að óheimilt sé að breyta atvinnuhúsnæði á jarðhæð við ákveðnar götur í miðbæ, í íbúðir eða orlofsíbúðir er sett fram til að styðja við miðbæjarstarfsemi og afmarka miðbæjarkjarna þar sem mikilvægt er talið að halda í starfsemi á jarðhæðum sem styður við miðbæjarlíf. Farið var yfir hvort að ástæða væri til að afmarka þessi svæði þrengra og var ákveðið að í endanlegu skipulagi yrði Strandvegur austan Bárustígs 1 og Strandvegs nr. 26 og kafli á Vestmannabraut austan Vestmannabrautar nr. 28 tekinn út af kortinu sem sýnir þessa skilmála.



NÁTTÚRA

Uppfæra þarf texta í greinargerð og afmarka svæði undir náttúruvá miðað við niðurstöðu hættumats í austanverðum Herjólfssdal (4).

Svar: Greint verður frá niðurstöðu hættumatsins í greinargerð og breytingar gerðar á afmörkun svæðis undir náttúruvá á uppdrætti, í samræmi við niðurstöðu matsins.

Mikilvægt er að skerða ekki stærð skógræktarsvæðisins né setja takmarkanir varðandi ræktun og umhirðu (5).

Svar: Haft var samráð við Skógræktarfélag Íslands, áður en þróunarsvæði fyrir miðbæinn var afmarkað, þar sem það er með samning og það setti sig ekki upp á móti þessari breytingu, né breytingu við Eldheima. Land er takmörkuð auðlind í Vestmannaeyjum og því var talið eðlilegt að setja þennan kost inn. Við Eldheima, þar sem áður var skilgreint skógræktarsvæði, er nú skilgreint afþreyingar- og ferðamannasvæði. Þar er áfram gert ráð fyrir að þær skógarplöntur sem þar eru geti vaxið og dafnað, en ekki gert ráð fyrir að fleiri skógarplöntur verði gróðursettar þar, til að vernda yfirbragð hraunsins. Haft var samráð við Skógræktarfélag Vestmannaeyja áður en aðalskipulagið fór í auglýsingu með þessum breytingum, og setti það sig ekki upp á móti þessum breytingum.

Ganga ætti lengra í verndun á ströndinni vegna landslags og jarðfræði (14).

Svar: Tekið er undir ábendingu um að ströndin er alls staðar mikilvæg og eru ákvæði í skipulaginu sem stuðla að verndun strandarinnar þar sem hún er náttúruleg, þó þar sé ekki afmarkað verndarsvæði.

Bent er á að utan hafnarinnar frá Stafnsnesi í vestri, suður fyrir Heimaey og að Urðum í austri, og fyrir allar úteyjar eru fjörur og grunnsævi afmörkuð á uppdrættinum með landnotkunareitunum V-1 og V-2. Fyrir þá landnotkunarreiti gildir að áhersla er á að halda strönd, fjörum og grunnsævi í náttúrulegu ástandi án inngripa mannsins nema lágmarksinngrip vegna lendingar báta. Not af fjörunni og grunnsævi eru fyrst og fremst tengd fugli og eggjatöku. Umgengni skal vera góð.

Þá er einnig bent á að í skilmálum fyrir landnotkunarreitinn ÓB-4 þar sem Brimurð og Ræningjatangi eru, eru ákvæði um að frekari mannvirkjagerð sé bönnuð, nema til að bæta aðgengi göngufólks.

Opið svæði til sérstakra nota (OP-2), við suðurenda flugbrautarinnar, sem er ætlað fyrir garðlönd er í tillögunni stækkað út yfir landbúnaðarsvæði (6).

Svar: Afmörkun á skipulagsuppdrætti verður breytt og L-3 stækkað í samræmi við núverandi og áformuð not til tómstundabúskapar.

Bæði komu fram athugasemdir þar sem lagst er gegn friðlýsingu búsvæða sjófugla við Vestmannaeyjar (12) og þar sem hvatt er til þess að gengið sé frá vernd úteyjanna og hluta af Heimaey (14). Einnig kom athugasemd um að fella þyrfti út umfjöllun um friðlýsingu búsvæða (6, 15).

Svar: Fyrir liggur ákvörðun bæjarstjórnar frá 14. desember 2017 um að falla frá áformum um friðlýsingu búsvæða sjófugla í Vestmannaeyjum þar til fyrir liggur skýr réttur sveitarfélagsins til að segja sig einhliða frá slíkri friðlýsingu. Í tillögu að aðalskipulagi fyrir Vestmannaeyjar á fyrri stigum var umfjöllun um að stefnt væri að friðlýsingu en sú umfjöllun er tekin út í aðalskipulagi fyrir endanlega afgreiðslu, og greint frá þessari breytingu á stefnu.

Ábending um að fjalla megi betur um áhrif stórskipahafnar á náttúru, þar með talið á landslag og vegna aukinnar truflunar og álags í umhverfisskýrslu (14).

Svar: Tekið er undir að alltaf má gera betur í umfjöllun um áhrif á náttúru og landslag þegar eins stórar framkvæmdir og stórskipahöfn eru til umfjöllunar. Í matinu er birtur listi yfir þau viðmið sem miðað var við í umfjöllun um áhrif á náttúru, jarðmyndanir, jarðefni, jarðveg og landslag/ásýnd, lífríki, verndun og líffræðilegan fjölbreytileika og miðast áhrifamatið við þau, og allir þessir umhverfisþættir eru til umfjöllunar í matinu. Eins og bent er á, er stórskipahöfn matskyld framkvæmd skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og verður fjallað nánar um umhverfisáhrif þar og í viðeigandi deiliskipulagsáætlunum, sem vinna þarf áður en orðið getur af framkvæmdum. Nákvæmni umfjöllunarinnar í aðalskipulaginu tekur tillit til stöðu áætlunarinnar í stigskiptri áætlanagerð, og gert er ráð fyrir nákvæmari umfjöllun á seinni stigum.

Máta hefði mátt verndarmarkmið einstakra greina í lögum um náttúruvernd nr 60/2013 betur við tillöguna, sérstaklega grein nr. 2 lífríki og nr. 3 jarðminjar og landslag (14).

Svar: Verndarmarkmið í 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd eru lögð til grundvallar mati á umhverfisáhrifum áætlunarinnar og eru meðal þeirra viðmiða sem miðað er við, við mat á áhrifum breytinga frá fyrri aðalskipulagi. Umfjöllun um áhrif á verndarmarkmiðin er því samtvinnuð mati á umhverfisáhrifum einstakra breytinga á umhverfið. Hins vegar er sérstaklega fjallað um tengsl aðalskipulagsins við aðra stefnumörkun og áætlanagerð í kafla 3 í umhverfisskýrslu. Þar er tekið saman hvernig stefnan sem sett er fram við

endurskoðun aðalskipulagsins samræmist stefnu Vestmannaeyjabæjar og stjórnvalda á landsvísu. Í 57. gr. náttúruverndarlaga eru talin upp þau vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 2. og 3. gr. Í aðalskipulaginu eru greind neikvæð áhrif á eldvörp, eldhraun og hraunhella sem runnið hafa á nútíma, eins og gert er grein fyrir í 3. kafla umhverfisskýrslu. Neikvæð áhrif eru ekki greind á önnur vistkerfi eða jarðminjar sem þar eru talin til svo sem fossa, hveru, votlendi, stöðuvötn og tjarnir, sjávarfitjur og leirur eða birkiskóga, en þess er hins vegar ekki getið í samantektinni. Bætt verður við umfjöllun í umhverfisskýrslu um að engin neikvæð áhrif séu greind á þessi vistkerfi og jarðminjar og umfjöllun í 3. kafla umhverfisskýrslu uppfærð til samræmis við það.

LANDBÚNAÐUR OG SKÓGRÆKT

Mælt er til þess að skjólbeltarækt verði heimiluð á landbúnaðarsvæðum (5).

Svar: Stefnan fyrir landbúnaðarsvæði er að viðhalda því landbúnaðarlandslagi sem þar er og því er almennt ekki talið æskilegt að heimila ræktun trjáa eða skjólbeltaræktun þar. Í kjölfar athugasemdarinnar var hins vegar skoðað hvort heimila ætti skjólbelti á þeim á svæðum L-3 og L-4 þar sem eru íbúðarhús og að þar væri kostur að geta nýtt trjárækt til skjólmyndunar. Skilmálum fyrir L-3 og L-4 ver breytt í skipulaginu og þar verður heimil skjólbeltaræktun og verða ákvæði útfærð nánar í deiliskipulagi áður en frekari uppbygging húsa á svæðinu á sér stað. Í skilmálum verður kveðið á um að skjólbeltaræktun skuli taka mið af sérkennum svæðisins og búsetusögu, og stefnu um varðveislu hlaðinna garða og annarra minja um búsetulandslag.

GRUNNKERFI

Óskað er eftir því að vegir í umsjá Vegagerðarinnar verði auðkenndir, t.d. á skýringarkorti fyrir vegi (8).

Svar: Greint verður frá því hvaða vegir eru í umsjá Vegagerðarinnar í kafla um samgöngur og vísað til þess að nánari upplýsingar um þá séu á vefsíðu Vegagerðarinnar og í vegaskrá.

Stofn og tengivegir í aðalskipulagi eru ekki í samræmi við skilgreiningu Vegagerðarinnar (8).

Svar: Við skilgreiningu tengibrauta í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að þær tengi saman nálæga bæjarhluta og dreifbýlið. Ekki er hægt að miða við tengivegi Vegagerðarinnar þar sem þeir mynda ekki samhangandi net. Ekki er skylt að vera með samræmi á milli tengivega Vegagerðarinnar skv. vegaskrá og skilgreindra tengibrauta í aðalskipulagi sveitarfélaga, enda segir skilgreining tengibrauta ekkert til um það hver er með veghald götunnar. Stefnan er að stofnbraut liggi frá höfninni að flugvelli, sem er í samræmi við stofnbrautarskilgreiningu Vegagerðarinnar, og er tekið undir athugasemd um að bæta þurfi við skilgreindar stofnbrautir, kaflanum frá Strandvegi og að höfninni, og hefur því verið breytt í endanlegri tillögu.

Ekki er alltaf sýnt hvernig ný hverfi eiga að tengjast þjóðvegakerfinu og eindregið er mælt til þess að á þegar byggðum svæðum verði leitast við að fækka tengingum við þjóðvegi (8).

Svar: Í aðalskipulaginu eru þemakort sem sýna með skýrum hætti grunnkerfi samgangna, þar á meðal tengibrautir og stofnbrautir sem einnig eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Aðrir vegir eru útfærðir í deiliskipulagi. Engin áform eru um ný hverfi heldur er áhersla á þéttingu innan núverandi hverfa eða viðbætur við þau hverfi sem fyrir eru. Gatnakerfið í þéttbýlinu í Vestmannaeyjum byggir á þétriðnu gatnaneti sem þjónar vel þörfum íbúa og áherslum sem eiga vel við í umhverfi þar sem gangandi, hjólandi og akandi eiga samleið. Vestmannaeyjabær veltir fyrir sér hvort áherslur um fækkun tenginga eigi við í þéttbýli þar sem hámarkhraði er lágur, þó slíkar áherslur geti átt vel við á þjóðvegum í þéttbýli og dreifbýli þar sem hámarkshraði er hærri.

Lagfæra þarf legu strengja þar sem þeir koma upp á land við Skansinn og Gjábackafjöru en Landsnet vinnur að því að yfirfara hnittsettar upplýsingar um staðsetningu. Uppfærð skrá verður send Vestmannaeyjabæ (13).

Svar: Staðsetning strengja á skipulagsuppdrætti verða uppfærðar skv. ábendingu.

HAFNARSVÆÐI

Hugmynd um nýjan viðlegukant í Skansfjöru hefur ekki hlotið sanngjarna meðferð í umhverfismati áætlunarinnar og er mælt til þess að sú hugmynd verði skoðuð nánar. Bent er á að margfaldur munur sé á kostnaði og magni á aðfluttu efni eftir því hvort valið er að byggja upp í Skansfjöru eða á Eiðinu, en það er vart hægt að lesa af drögum að aðalskipulagi og matsskýrslu (8).

Svar: Fjallað er um þrjár staðsetningar fyrir nýja höfn í aðalskipulaginu og umhverfismati áætlunarinnar og er niðurstaðan sú að tveimur kostum er haldið inni; við Eiðið og í Skansfjöru. Það er mat sveitarfélagsins að höfn við Eiðið sé besta lausnin til framtíðar. Ákvörðun um uppbyggingu hafnar er hins vegar tekin í samgönguáætlun en ekki heima í Eyjum, og því metur sveitarfélagið stöðuna þannig að nauðsynlegt sé að hafa báða kosti inni á skipulagi. Það er tekið fram að verði ný höfn byggð við Eiðið þá sé ólíklegt að líka verði byggt upp við Skansinn. Settir eru skilmálar um að ef verður af framkvæmdum við Eiðið þá skuli endurskoða stefnu um stórskipahöfn í Skansfjöru. Ef hins vegar verði byggt upp fyrst við Skansinn, þá vill sveitarfélagið halda inni möguleikanum á höfn við Eiðið þar sem sú höfn þjónar betur hagsmunum sveitarfélagsins til framtíðar.

Í umhverfismati áætlunarinnar kemur skýrt fram að fyrir uppbyggingu við Eiðið þurfi mikið magn jarðefna og að búast megi við að talsverður hluti þeirra þurfi að koma úr landi. Efnistaka vegna framkvæmdarinnar sé því líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum í öðrum sveitarfélögum. Í umfjöllun um Skansfjöru er einnig bent á að efni þurfi að koma úr landi, en þar er skýrt að um minna magn er að ræða. Kostnaður er mikilvægur þáttur í ákvörðunartöku um uppbyggingu hafnar en vægi hans er ekkert við mat á umhverfisáhrifum valkosta í umhverfismati áætlunarinnar. Einmitt vegna kostnaðar og mismunandi umfangs þessara tveggja valkosta, velur Vestmannaeyjabær að halda báðum valkostunum inni á skipulagi, Skansfjöru og Eiðinu.

Óskað er eftir því að heimilt verði að breyta efri hæðum við Básaskersbryggju á hafnarsvæði H-1 í orlofsíbúðir (10).

Svar: Á hafnarsvæðum er samkvæmt skipulagsreglugerð gert ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu vöru, smábátahöfn og móttöku og brottfarar farþega. Það er ákvörðun Vestmannaeyjabæjar að skv. aðalskipulagi skuli ekki vera heimilt að hafa íbúðir eða orlofsíbúðir. Er það fyrst og fremst vegna þess að á þessu svæði skal leggja áherslu á atvinnuhúsnæði og hafnsækna starfsemi og íbúðir og orlofsgisting á ekki vel heima með slíkri starfsemi.

Samkvæmt hafnarreglugerð veitir hafnarstjórn leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi. Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Framkomin athugasemd var lögð fyrir fund framkvæmda- og hafnarráðs, þar sem svæðið fellur undir hafnarstjórn. Þar fékk þessi athugasemd eftirfarandi afgreiðslu: "Ráðið getur ekki samþykkt breytingu á notkun húsnæðis í Básum þar sem slíkt samræmist ekki ákvæðum skipulags H1 og markmiðum Framkvæmda- og hafnaráðs um hafnsækna starfsemi á hafnarsvæðum."

MINJAR

Leggja skal fram áætlun um skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja innan sveitarfélagsins sem taki mið af því að skráningu ljúki innan hæfilegs tíma (11).

Svar: Fornleifar í bæjarlandinu í Heimaey hafa verið skráðar (Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir 2002) en ekki fjöllin og úteyjarnar. Gert er ráð fyrir að vettvangsskráningu fornleifa verði lokið samhliða gerð deiliskipulags á svæðum sem fyrirhugað er að nýta sem atvinnu- eða íbúðarsvæði en sá háttur hefur verið hafður undanfarin ár. Í greinargerð aðalskipulagsins er gerð grein fyrir stöðu fornleifaskráningar í bæjarlandinu og þeim skýrslum sem liggja um þá skráningu. Birtur er listi yfir friðlýst hús og mannvirki, hús sem eru eldri en 100 ára og njóta friðunar vegna aldurs og hús sem eru skráð yngri en 100 ára en byggð fyrir 1925. Þessar upplýsingar ættu að gefa greinargóða mynd af menningarminjum innan sveitarfélagsins eins og tiltekið er í 16.gr. laga um menningarminjar.

Í samræmi við áður nefnda grein nr. 16. í lögum um menningarminjar, mun skráning „fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja fara fram á vettvangi á þeim svæðum sem fyrirhugað er að nýta sem atvinnu- eða íbúðarsvæði áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út.“ Ekki liggur fyrir tímasett áætlun um hvernig lokið verður við að deiliskipuleggja öll svæði sem fyrirhugað er að nýta sem atvinnu- eða íbúðarsvæði.

Við gerð skipulagsáætlana og verulegra breytinga á þeim vinnur sveitarfélagið skipulagslýsingu og kynnir hana samkvæmt skipulagslögum. Minjastofnun er ávalt einn af umsagnaraðilum sem fær skipulagslýsingu til umsagnar og fær þannig tilkynningu um gerð skipulagsáætlana og verulegra breytinga á þeim, eins og áskilið er í 8 mgr. 16 gr. laga um menningarminjar.

ALMENNAR ÁBENDINGAR

Ýmsar gagnlegar ábendingar koma fram við aðalskipulagstillöguna án þess að þær feli í sér athugasemdir við efni tillögunnar og er þakkað fyrir þær. Meðal þeirra voru eftirfarandi ábendingar:

- Gæta þarf að uppbyggingu veitukerfis m.t.t. nýrrar uppbyggingar og æskilegt er að samráð sé haft við viðbragðsaðila vegna fjölgunar ferðamanna.
- Fram kom hugmynd um upphitaða sundlaug við núverandi sundlaug sem myndi nýtast fyrir eldra fólk, sundleikfimi og fleira.
- Fram kom hugmynd um veðursafn á Stórhöfða.
- Lagt var til að gerð væri áætlun um útrýmingu lúpínunnar.
- Gerð er athugasemd vegna eignarhalds lóðar við Suðurgerði 9.

Athugasemdir sem bárust leiddu til eftirfarandi breytinga á aðalskipulaginu:

1. Breytingar eru gerðar á orðalagi og texta vegna nýrra upplýsinga, *þannig að Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja heitir Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja Suðurlandi, vísað er til Samgöngustofu en ekki Flugmálastjórnar og rætt um hindranafleti en ekki hindrunarfleti. Breytt verður texta um upphaf GPS mælinga, landris í Vestmannaeyjum, sjávarstöðumælingar, jarðskjálftavöktun, hættumat vegna eldgosa, og áform um uppbyggingu á lóð Heilbrigðisstofnunarinnar.*
2. Strandvegur austan Bárustígs og Vestmannabraut austan húss númer 28 er tekin út af korti sem sýnir götur í miðbæ þar sem ekki er heimilt að breyta atvinnuhúsnæði á jarðhæð í íbúðir, íbúðargistingu/gistingu.
3. Texti um náttúruvá verður uppfærður miðað við niðurstöðu hættumats í austanverðum Herjólfssdal.
4. Landbúnaðarsvæði L-3 verður stækkað í samræmi við núverandi og áformuð not til tómsundabúskapar, á kostnað opins svæðis OP-2.
5. Skerpt verður á umfjöllun um samræmi skipulagsáætlunarinnar við verndarmarkmið skv. 2 og 3. gr. laga um náttúruvernd í kafla 3 í umhverfisskýrslu.
6. Bætt verður við umfjöllun um vegi í umsjá Vegagerðarinnar í kafla um samgöngur.
7. Upplýsingar um legu strengja sem koma á land við Skansinn og í Gjabakkafjöru verða uppfærðar miðað við fram komna ábendingu.

Aðrar breytingar sem gerðar eru á aðalskipulaginu eftir auglýsingu eftir umfjöllun í vinnuhóp skipulagsins:

1. Í auglýstri skipulagstillögu láðist að halda inni heimildum til að selja gistingu á íbúðasvæðum, þar sem eru gistiheimili í dag á svæðum ÍB 1-4. Ekki stóð til að takmarka þær heimildir og því er sett

inn í skipulagið ákvæði um að núverandi starfsemi gistiheimila og samskonar rekstar verði starfsemin áfram heimil. Hér er ekki um stefnubreytingu að ræða frá auglýstri tillögu. Þar var þess getið að eingöngu væri heimilt að selja gistingu í flokki 1 á íbúðarsvæðum en þar var ekki sagt til um hver staða þeirra væri sem að eru nú þegar með leyfir fyrir viðameiri gistingu á íbúðarsvæðum. Með þessu eru tekin af tvímæli um að þar sem nú er leyfi fyrir viðameiri gistingu, er heimilt að reka gistingu áfram.

2. Farið var yfir afmörkun á svæði OP-2 og það minnkað en L-5 stækkað á móti. Breytingin er leiðrétting, þar sem OP-2 var afmarkað of stórt miðað við að stór hluti svæðisins er fyrst og fremst landbúnaðarnot.